

SORPHIRÐA FRÁ ÍBÚUM Í VESTURBYGGÐ OG TÁLKNAFIRÐI





FORMÁLI

Að undangengnu útboði hafa sveitafélögin Vesturbyggð og Tálknafjörður samið við Kubb ehf. um að annast söfnun úrgangs frá heimilum í sveitarfélögunum. Meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála og stór hluti í þeirri umhverfisvakningu sem almennt er að eiga sér stað í samfélaginu.

Sveitafélögin ákváðu að fara í metnaðarfullar breytingar á sorphirðukerfi sveitafélaganna sem felst í eftirfarandi: **Barðaströnd:** Bætt er við 240 l tunnu til að safna blönduðum endurvinnsluefnum. Ekki gert ráð fyrir tunnu undirlífrænan úrgang að sinni. **Patreksfjörður og Bíldudalur:** Bætt er við 120 l tunnu undir lífrænan heimilisúrgang og innra hólfi undir plast í tunnu fyrir endurvinnsluefni. **Tálknafjörður:** Bætt er við 120 l tunnu undir lífrænan heimilisúrgang og 240 l tunnu með 55 l innrahólfi til að flokka endurvinnsluefni í sundur í pappir og pappa annars vegar og plast hins vegar.

Samstarf við íbúa er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að allir finni hjá sér þörf til að vera hluti af því verkefni að minnka sorp og auka endurvinnslu. Þar með eru íbúar að sýna í verki vilja sinn til að búa í umhverfisvænna samfélagi sem mun auka lífsgæði íbúanna og minnka kolefnisfótspor sveitafélaganna.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Kubbur ehf Ártunga 8 – 400 Ísafjörður
Sími 456 4166 – kubbur@kubbur.is

Kubbur ehf. er verktaka- og sorphirðufyrirtæki á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Sveitarfélaginu Ölfusi, Bolungarvík og nú í Vesturbyggð og á Tálknafirði. Fyrirtækið hefur starfað síðan það tók við sorphirðu á Ísafirði í janúar 2011 og starfar nú í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Bolungarvík og nú í Vesturbyggð og á Tálknafirði.



**VESTURBYGGÐ
TÁLKNAFJÖRÐUR
SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS
ÍSAFJÖRÐUR
BOLUNGARVÍK
VESTMANNAEYJAR
HAFNARFJÖRÐUR**



SORPTUNNUR Í VESTURBYGGÐ OG Á TÁLKNAFIRÐI

AÐGENGI

Æskilegt er að sorptunnur séu staðsettar við framanvert hús þannig að vegalengd til að þjónusta þær er höfð sem styðst og mikilvægt að gæta þess að aðgengi við losun sé ætíð sem best. Íbúum ber skylda til að moka snjó frá sorptunnum. Festingar á tunnum skulu vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur.

Ganga þarf vel frá tunnum fyrir veturinn og gæta þess að ekki fjúki úr þeim.

YFIRFULLAR TUNNUR

Tunnur skulu ekki fylltar meira en svo að þeim sé hægt að loka. Yfirfullar tunnur geta valdið vandræðum og sóðaskap þegar þær eru losaðar. Yfirfullar tunnur verða ekki losaðar og er íbúum bent á sófnunarstöðvar.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Á heimasíðu Kubbs ehf., www.kubbur.is eru margvíslegar upplýsingar um sorp- og umhverfismál og verður leitast við að auka upplýsingar á síðunni enn frekar.

Á netinu er jafnframt að finna margar gagnlegar heimasíður um endurvinnslu og úrvinnslu sorps:

Umhverfisstofnun - www.ust.is

Úrvinnslusjóði - www.urvinnslusjodur.is

Landvernd - www.landvernd.is

Fagrað um endurnýtingu og úrgang - www.fenur.is

ÚTFÆRSLA Á SORPHIRÐU OG FLOKKUN VIÐ HEIMILI Í VESTURBYGGÐ OG Á TÁLKNAFIRÐI




GRÁA TUNNAN



BRÚNA TUNNAN



BLÁA/GRÆNA TUNNAN



INNRA HÓLF

Í sveitarfélögunum er að mestu þriggja tunnu kerfi fyrir fjóra flokka af sorpi, þar sem ein tunnan hefur auka hólfið.

1. **Grá tunnan (240l)** er fyrir óendurvinnalegt sorp.
2. **Brúna tunnan (120l)** er fyrir lífrænan úrgang eins og matarafganga, kaffikorg, eggjaskurn o.s.frv.
3. **Bláa/Græna tunnan (240l)** er fyrir pappír og pappa.
4. **Innra hólfið (55l) í Bláu/grænu tunnu** er fyrir plast og málma.

Sorphirða á almennu sorpi fer fram fjórðu hverja viku, lífrænu tunnunni aðra hverja viku og sama á við um bláu/grænu tunnunna. Á Barðaströnd fer hirða fram á þriggja vikna fresti og eru þá gráa tunnan og bláa/græna tunna tæmdar á sama tíma. Annars fer hirða fer fram í samræmi við sorphirðudagatal fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð.

Íbúum er skylt að hafa gott aðgengi að tunnum t.d. moka snjó frá tunnum þannig að auðvelt sé að losa þær. Losunaráætlun og opnunartími sorpmóttökustöðva/gáma-stöðva er birt á heimasíðu sveitarfélagana á vesturbyggd.is og talknafjorder.is sem og á heimasíðu Kubbs ehf. kubbur.is

SORP ER VERÐMÆTT

Draga má úr magni sorps með ýmsum aðferðum en þetta byrjar allt hjá okkur sjálfum en stór hluti af okkar innkaupum endar sem úrgangur, endurvinnanlegur sem og ekki. Hugsum áður en við kaupum, og hugsum áður en við hendum. Þegar kemur síðan að því að úrgangur myndast er mjög mikilvægt að flokka hann í þá flokka sem eru í boði hverju sinni. Endurvinnsla umbúða er umhverfisvænni en frumframleiðsla á nýjum umbúðum og söfnun og jarðgerð á lífrænum úrgangi kemur í veg fyrir myndun metans þegar lífrænn úrgangur er urðaður og er að auki hægt að nota sem jarðvegsbæti. Gott er að minnka rúmtak umbúða með því að rífa þær niður eða brjóta saman til að koma í veg fyrir að tunnur yfirfyllist. En rúmmálsminnku er mikilvægt skref í allri endurvinnslu og minnkar kolefnifótspor vegna flutninga.

Sýnum ábyrgð í umhverfismálum og stuðlum að aukinni endurvinnslu. Hvert kílógramm af sorpi kostar mikla peninga en með lágmörkun sorps og aukinni flokkun er hægt að skila ábatanum beint í vasa almennings og fyrirtækja.